

74 25. maí anlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að með því að fyrirkomulag það á útsendingu Stjórnartíðindanna, sem að ofan ræðir um, mundi koma í bága við lög nr. 11 frá 24. apríl 1877 um birting laga og tilskipana og brjef landshöfðingja 1. ágúst 1878 (Stjtið. B 108) og 10. janúar 1879 (Stjtið. B 3) sje jeg mjer ekki fært að taka beiðni þá, sem hjer liggur fyrir, til greina.

75 27. maí Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um sameiningu Klausturhóla prestakalls við Mosfell og Þingvelli. — Eptir sambuga ósk safnaðanna í Mosfells- og Klausturhóla-prestaköllum í Árnesprófastsdæmi, yfirlýstri í einu hljóði á almennum safnaðarfundum í öllum sóknum brauða pessara, og eptir tillögum hjeradsfundarins í tjeðu prófastsdæmi og meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi dagsettu 8. marz þ. á., skal samkvæmt lögum um skipun prestakalla 27. febrúar 1880, 4. gr. skipað svo fyrir sem hjer segir:

- 1, Klausturhóla prestakall í Árnesprófastsdæmi leggst niður sem sjerstakt brauð.
- 2, Mosfells prestakall í sama prófastsdæmi tekur yfir Mosfells, Miðdals, Klausturhóla og Búrfellssóknir í Grímsnesi.
- 3, Þingvalla prestakall tekur yfir Þingvalla- og Úlfjótuvatnssóknir, og
- 4, til Þingvalla prestakalls leggst Miðdalskirkjueignin Ketilvellir í Laugardal og prestsgjöld frá jörðunum Kaldárhöfða, Efri-Brú, Syðri-Brú og Ásgarði í Búrfellssókn.

Þetta gefst yður til vitundar, háæruverðugi herra, til þóknanlegrar birtingar og frekari ráðstöfunar.

76 31. maí Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um sendingu skattaneðndarbrjefa. — Í þóknanlegu brjefi 26. þ. m. hafið þjer, herra amtmáður, beiðst úrlausnar minnar um þá fyrirspurn hreppstjórans í Hvolhrepp, »hvernig senda eigi skattaneðndarbrjef í fjarlæggar sýslur, þegar þau ekki fáist send með pósti án endurgjalds af viðkomandi skattaneðnd, sem hún ekki finni skyldu sína að borga», hafið þjer jafnframt látið uppi það álit yðar, að rjettast mundi að skattaneðndirnar sendi slík brjef, og að ofan greinir til sýslumanns, er svo afgreiddi þau frá sjer með þjónustufrímerkjum.

Út af þessu undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra amtmáður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg verð að fallast á þá skoðun yðar, að rjettast sje og haganlegast að ráða til bráðabirgða bót á þeim vandkvæðum, sem nú eru á með sendingu brjefa til og frá skattaneðndum að við höfð sje fyrst um sinn sú aðferð, að skattaneðndirnar sendi brjef þau, er hjer ræðir um, til sýslumanns síns, er svo sendi þau með þjónustufrímerkjum til sýslumannsins þar í sýslu er þær skattaneðndir, er brjefin eru stíluð til, eiga heima, til frekari ráðstöfunar, en jafnframt skal jeg láta þess getið, að jeg hef í hyggju að leggja það til við ráðgjafann fyrir Ísland, að leitað verði konungsúrskurðar samkvæmt 12. gr. í tilskipun um póstmál frá 26. febr. 1872 fyrir því, að skattaneðndirnar megi sjálfar nota þjónustufrímerki á brjef þau, er þær þurfa að senda í önnur hjeruð.

VEITT LAUSN FRÁ SÝSLAN.

5. júlí var bókaverði við landsbókasafnið Jóni Árnasyni af landshöfðingja veitt lausn frá sýslun þessari frá 1. oktbr. þ. á., sakir ellilasleika.

SÝSLAN LAUS.

Bókavardarsýslanin við landsbókasafnið er laus frá 1. oktbr. þ. á. — Sá sem skipaður verður til að gegna sýslun þessari fær fyrir mánuðina oktbr.—desbr. þ. á. tiltölulegan hluta af þeim 1000 kr., sem veittar eru í 13. gr. C 1. a hinna núgildandi fjárlaga, en eptirleidis fær hann þóknun þá, er veitt kann að verða til aðalbókavardarins á fjárlögum.

Bónarbrjef um sýslun þessa stýluð til landshöfðingja, sendist stjórnarnefnd landsbókasafnsins, innan 20. septbr. þ. á.